

		Löggildingargjald.	Eftirlitsgjald.	45
4. Desímalvogir:				1. júní
Vogarþöl.....	200 kg. eða minna .....	kr. 12,00	kr. 9,00	
— .....	300 kg. — .....	— 14,00	— 9,00	
— .....	500 kg. — .....	— 16,00	— 10,00	
— .....	600 kg. — .....	— 18,00	— 10,00	
— .....	1000 kg. — .....	— 20,00	— 12,00	
— .....	2000 kg. — .....	— 30,00	— 15,00	
—	yfir 2000 kg. ....	— 40,00	— 20,00	

Fyrir hundraðsvogir (centesimal) og reisluvogir greiðist sama löggildingargjald og eftirlitsgjald sem fyrir desímalvogir með sama vogarþoli og auk þess við löggildingu aukagjald 10 aura fyrir hvert mark eða skerðingu á rennilóðsvogum.

Gjald fyrir kvarða og mæliker helst óbreytt.

Ef löggilding eða eftirlit fer eigi fram á löggildingarstofunni, eða hinum reglulegu eftirlitsferðum, reiknast með ferðakostnaði kaupgjald fyrir starfsmann löggildingarstofunnar 4 krónur um klukkutímann eða brot úr tíma, þó eigi meira en 32 krónur á dag.

## 2. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt heimild í 38. gr. tilskipunar nr. 3, 12. febrúar 1919, um löggilt mælitæki og vogaráhöld, og er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

## Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 1. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

**Þoddur Þermannsson.**

*Vigfús Einarsson.*

# Breyting

46

9. júní

## á erindisbréfi fyrir ullarmatsmenn frá 25. febrúar 1916.

7. gr. í erindisbréfi 25. febrúar 1916 fyrir ullarmatsmenn skal vera svo hljóðandi:

Matsmenn fá í kaup 2 krónur á virkum dögum og 2 krónur 50 aura á helgum dögum fyrir hverja klukkustund, sem þeir eru við vinnu, hvort sem það er við mat ullarinnar, þökkun eða útskipun.

Þurfi þeir að ferðast út fyrir hina löggiltu verslunarlóð, þar sem aðalstarf þeirra er, en ekki út fyrir umdæmi sitt, telst borgunin einnig fyrir þann tíma, sem þeir verða að vera á ferðinni fram og aftur.

Þeim er stranglega bannað að taka á móti nokkurri annari þóknun, hverju nafni sem

**46** nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá seljendum, kaupendum eða útflytjendum ullarinnar eða 9. júní umboðsmönnum þeirra, eða öðrum, sem kunna að vera riðnir við sölu, kaup eða flutning ullarinnar á útflutningskipunum.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. júní 1920.**

Í fjarveru ráðherrans.

**Öddur Fermannsson.**

*Vigfús Einarsson.*

**47**  
9. júní

## Breyting

**á erindisbréfi fyrir fiskimatsmenn frá 12. ágúst 1910.**

5. gr. í erindisbréfi 12. ágúst 1910 fyrir fiskimatsmenn skal vera svo hljóðandi:

þeir fá í kaup 2 kr. um hverja klukkustund á virkum dögum og 2 kr. 50 aura um klukkustund hverja á helgum dögum, sem þeir eru að vinnu hvort sem það er við aðgreining fiskjarins eða umsjón með vikt hans, útskipun eða hleðslu. Fari matið fram utan hinnar löggiltu verslunarlóðar, telst borgunin fyrir þann tíma, er þeir verða að vera að heiman. Er þeim stranglaga bannað að taka á móti nokkrri annari þóknun eða góðgjörðum hverju nafni sem nefnist frá þeim, sem fiskinn senda út, frá skipstjórum, skipsmönnum eða öðrum, sem hafa með fiskinn eða skipið, er flytja á fiskinn út, að sýsla.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. júní 1920.**

Í fjarveru ráðherrans.

**Öddur Fermannsson**

*Vigfús Einarsson*